



## Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð

17. fundur Atvinnu- og Menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í félagsheimilinu að Borg þann 2. febrúar 2024 klukkan 18:45

Fundinn sátu:

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Pétur Thomsen, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna María Daníelsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Pétur Thomsen

Dagskrá:

#### 1. Viðburðir 2024

*Rætt var um þá viðburði sem stefnt er á að halda á árinu. Ásamt 17 júní og Borg í sveit þá er stefnt að því að halda 2 til 4 minni viðburði.*

- 17. júní  
*Skoðað var það sem betur mætti fara í sambandi við 17. júní. Hátíðarhöldin tókust vel á síðasta ári en eitt og annað má bæta. Ákveðið var að stytta hátíðardagskránnu innandyra með því að hafa ekki leikatriðið sem hluta af þeirri dagskrá.*  
  
*Eftirfarandi atriði eru í undirbúningi fyrir 17. júní.*
  - Skemmtiatriði
  - Hoppukastala fyrir yngri krakka
  - Andlitsmálning, til síðan í fyrra
  - 17. Júní hlaup GOGG, allir fá medalíu sem taka þátt.
  - ATH með að fá Hvöt til að sjá um grillið.
    - Hugsanlega þarf að hækka verðið aðeins til að meira komi í kassann.
  - Muna þarf eftir stefi fyrir inngöngu Fjallkonunnar.
- Borg í sveit / Grímsævintýri
- Stefnt að því að halda 2-4 minni viðburði á árinu.
  - ATH með Perlað af krafti viðburð hér. Anna María athugar með það.
  - Mars – Vasaljósaganga/rattleikur í samstarfi við Gásu
    - Til dæmis að Snæfoksstöðum, Flóðahringnum Sólheimum, Þrastaskógur.
  - Júní – Föstudags partí í sundlauginni



## Atvinnu- og Menningarnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

- *ATH jafnvel að hafa það utan þess tíma þegar opið er á föstudögum, td. daginn eftir sumardaginn fyrsta.*
- *Þjóða upp á eitthvað og tónlist*
- *Sept/Okt – Fjölmenningarviðburður – Pálínuboð með þjóðlegum réttum og fleira.*
- *Desember – Bókaviðburður, Auglýsa eftir þátttakendum, tala við þá rithöfunda sem við þekkjum í sveitarfélaginu.*
- *Kokteilakeppni, Finna Goggteit ársins.*

### 2. Erindisbréf

*Frestað til næsta fundar*

### 3. Viðmiðunarreglur fyrir vinnu við stóra viðburði

*Frestað til næsta fundar*

### 4. Sundlaugamenning á skrá UNESCO - beiðni frá menningar- og viðskiptaráðuneytinu um stuðningsyfirlýsingu (sjá nánar hér [Sundlaugamenning á skrá UNESCO](#)).

*Nefndin lýsir yfir stuðningi sínum við það að sveitarfélagið sendi inn stuðningsyfirlýsingu vegna umsóknar um skráningu sundlaugarmenningar Íslendinga á skrá UNESCO.*

### 5. Önnur mál

*Formaður er að vinna að móttökuáætlun fyrir nýja íbúa í Uppsveitunum ásamt fulltrúum frá hinum sveitarfélögum í uppsveitunum og byggðarþróunarfulltrúa.*

*Næsti fundur verður haldinn 7. mars klukkan 18:45*

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið klukkan 20:30